

Brim hf.
Almar Sigurjónsson - Akranesi
Norðurgarði 1
101 Reykjavík

Reykjavík 21. janúar 2020
UST201901-186/gf
08.10.02

Varðar þrýstiprófun á niðurgrofnum lýsislögnum við fiskimjölsverksmiðju Brims hf. á Akranesi.

Umhverfisstofnun vísar í bréf Brims hf. dags. 20. janúar 2020. Í bréfinu eru niðurstöður þrýstiprófana á þremur niðurgrofnum lýsislögnum við verksmiðju Brims hf. á Akranesi.

Fram kemur að Kristinn Helgason og Axel G. Guðjónsson, starfsmenn skipaverkstæðis Brims hf. þrýstiprófuðu lagnirnar. Notaður var Wika þrýstimælir og þrýstiprófað við 1½ vinnuþrýsting. Prófanirnar fóru fram í janúar 2020.

Lögn #1 sem er 4 tommu lögn frá verksmiðju að geymum nr. B, C og D í lekavarnarþró á bak við Hafnarbraut 3. Lögnin tók að leka þegar fullur prófunarþrýstingur var settur á hana. Skipt var um hné á lögn sem var ekki tæringarvarið og þannig gert við lögnina og nýtt hné vafið tjöruborða. Þrýstiprófun var síðan endurtekin.

Lagnir #2 og #3 voru prófaðar á sama hátt og lögn #1 og reyndust í lagi.

Umhverfisstofnun samþykkir notkun á lýsislögnunum. Bent er á að þrýstiprófa skal olú- og lýsisfylltar neðanjarðarlagnir á fimm ára fresti.

Virðingarfyllst,



Gottskálk Friðgeirsson



Halla Einarsdóttir
teymisstjóri

Afrit:
Heilbrigðisnefnd Vesturlandssvæðis



Akranesi 20.01.2020

Þrýstiprófun niðurgrafinna lýsislagna við Fiskmjölsverksmiðju Brims hf að Hafnarbraut 2-4, Akranesi.

Skipaverkstæði Brims hf Akranesi tók að sér þrýstiprófun áðurgreindra lagna sem eru 3 talsins. Prófað var með þrýstilofti og 6 bar þrýsting þar eð dæluþrýstingur er max 4 bar. Í öllum tilfellum er notaður Wika þrýstimælir 0-10 bar mælisvið og 6 bar þrýstingur látin standa á lögn í 6 klst.

Lögn 1 er 4" lögn sem liggur úr rými undir uppkeyrslu að beinaplani neðanjarðar meðfram útrásarstokk undir götu og kemur upp í lekaþró umhverfis lýsisgeyma B-C og D sem svo eru nefndir bak við Hafnarbraut 3 (gamla Heimaskaga frystihús) þar sem lögnin greinist inn á áðurtalda geyma.

Lögn 2 er 4" lögn að mestu ofanjarðar en hún kemur ofanjarðar út úr rými undir áðurnefndri uppkeyrslu að beinaplani og liggur undir steyptri uppkeyrslu inn í kétéilhús.

Lögn 3 er 6" lögn neðanjarðar úr kétéilhúsi og kemur upp í dæluhúsi við lýsisgeymi A.

Niðurstöður prófana:

Lögn 1, þrýstingur stilltur á 2 bar, biðtími 1 klst, niðurstaða: **í lagi.**

Þrýstingur stilltur á 4 bar, biðtími 1 klst, niðurstaða: **Í lagi.**

Þrýstingur stilltur á 6 bar, biðtími 3 klst, niðurstaða: Þrýstingur er fallinn niður í 2,8bar.

Við að auka þrýsting aftur í 6 bar má greina lágvært loftsuð upp með lóðréttu röri gegnum gólfplötuna. Var gólf því brotið upp og grafið niður á lögn utan við verksmiðjuvegg, undir gólfplötu var hné á lögninni sem greinilega var á síðasta snúning, sjá mynd 1. Rörið sjálf er í góðu lagi enda er steyptr plastkápa utan um það sem ekki var á hnénu og lóðréttu leggnum upp í gegnum gólfplötu, sjá mynd 2. Smíðað var nýtt rör og það vafið með tjöruborða til varnar utanaðkomandi raka, sjá mynd 3. Rör endar síðan samtengdir með Straub Metal Grip tengi sjá mynd 4, slík tengi eru ma. samþykkt af Det Norske Veritas til notkunar í vélarúmum skipa.

Lagnir 2 og 3 voru prófaðar á sama hátt og lögn 1 þe. sömu þrýstingar og biðtímar, reyndust báðar lagnirnar í lagi.

Kristinn Helgason

Kristinn Helgason

Tæknistjóri uppsjávarskipa, verkstæðisformaður.

Axel G Guðjónsson

Axel G Guðjónsson

Vélfræðingur, skipaverkstæði.


Þrýstiprófun niðurgrafinna lýsislagna, myndir.




Mynd 1.



Mynd 2.



Mynd 3.



Mynd 4.